



**Álagning fasteignaskatts:**

**A-hluti** fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,50% af hús- og lóðarmati

**A-hluti** fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,50% af hús- og lóðamati

**B-hluti** fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati

**C-hluti** fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,65% af hús- og lóðamati

**Vatnsgjald** á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati

**Holræsagjald** á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,25% af hús- og lóðarmati

**Lóðarleiga** fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 7.000 kr. á hektara, að lágmarki 9.350 kr.

**Sorpgjöld:** Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 22.700,-

Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 22.700,-

Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 22.700,-

**Reglur um afslátt fasteignaskatts 2020.**

**1. gr.**

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduósbæ 1. desember 2019.

**2. gr.**

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

**3. gr.**

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 57.500,-

**4. gr.**

Tekjumörk á árinu 2018 eru:

*Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 3.600.000 fá 100% afslátt.*

*Einstaklingar með skattskyldar tekjur yfir..... kr. 4.800.000 fá 0% afslátt.*

*Hjón með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 4.800.000 fá 100% afslátt.*

*Hjón með skattskyldar tekjur yfir..... kr. 6.600.000 fá 0% afslátt.*

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

**5. gr.**

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur. Við andlát maka styrkir sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur útreiknaðum afslátti ársins.

**6. gr.**

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélrænt á vef Ríkisskattstjóra [www.rsk.is](http://www.rsk.is) í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.

**7. gr.**

Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

**8. gr.**

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til skrifstofu Blönduósbæjar eigi síðar en 1. júní 2020.

Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 25.000,- eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september & 1. október. Gjaldþagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 25.000,- er 15. maí. Hægt er að óska eftir því að greiða öll gjöld á einum gjaldþaga sem er 15. maí. Sækja þarf um gjaldþagabreytingu á bæjarskrifstofu fyrir 15. febrúar 2020. Eindagi gjaldþaga eru 30 dagar.

Álagningarseðlar eru rafrænir og eru aðgengilegir á [www.island.is](http://www.island.is). Greiðsluseðlar birtast í heimabanka viðskiptavina. Hægt er að óska eftir útprentuðum álagningarseðli og greiðsluseðli og skal senda beiðni um þar á netfangið [blonduos@blonduos.is](mailto:blonduos@blonduos.is). Frekari upplýsingar um álagninguna er hægt að fá á skrifstofu Blönduósbæjar í síma 455 4700.

*Eftirfarandi gjaldskrá var tekin fyrir og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar 17. desember 2019.*

Sveitarstjórnin á Blönduósi, 21. janúar 2020

Valdimar O. Hermannsson

